

83. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 7. maí 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Hrefna Frímansdóttir og Ingveldur Eyþórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Sesselja Kristinsdóttir, fulltrúi kennara, Elín G. Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Steinunn Helgadóttir, foreldraráði GSS, Þjarnís Emilsdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir og Arna S. Andrésdóttir, fundarritarar.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.
Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
 1. Skóladagatal.
Skólastjóri lagði fram og fór yfir skóladagatal skólaársins 2007-2008.
 2. Punktur frá skólastjóra.
 1. Comeniusarverkefnið - Tókst mjög vel og þeir kennarar sem komu hingað voru mjög ánægðir með heimsóknina.
 2. Starfsdagurinn 20. apríl – Sameiginlegur með grunnskólunum á norðanverðu Snæfellsnesi. Dagurinn fór í námskeiðahald og fleira.
 3. Menningarferð 5. bekkjar 22.4.-23.4. – Tókst mjög vel.
 4. Grænfánavinna – er í höfn. Rannveig Thoroddsen, verkefnisstjóri verkefnisins kom í heimsókn í síðustu viku og eru vonir til að Grænfánanum verði flaggað seinna í vor.
 5. Samræmdu prófin – ganga vel og er fyrstu þremur prófunum lokið.
 6. Undirbúningur Vorskóla – er í gangi og foreldrafundur framundan.
 7. Nemendur í fjarnámi – eru nú 15 talsins bæði á framhalds- og háskólastigi og próftökur sem þeim fylgja í skólanum nú í vor.
 8. Reyklaus 7. og 8. bekkur – verkefni hafa verið í gangi í tengslum við reyklaus átakið og hefur sú vinna gengið vel.

Varðandi starfsmannamál þá hefur Guðrún Hauksdóttir lokið störfum í skólanum og horfið til annarra starfa og Monika Axelsdóttir mun ljúka störfum við skólann í lok skólaársins.

Foreldraráðið hefur verið að vinna að handbók foreldraráðs í vetur og lofar sú vinna góðu og verður betur farið yfir handbókina þegar henni er lokið.

Sesselja Kristinsdóttir greindi nánar frá Comeniusarverkefninu. Verkefnið hefur gengið vel og verið mjög skemmtilegt. Eini gallinn sem kennararnir hér sjá á verkefninu er að það fer fram á ensku sem er erfitt þar sem verkefnið er bundið við yngstu deildum grunnskólans hér. Næst hittist hópurinn í Póllandi í haust. Nánari upplýsingar má finna á www.stykk.is/comenius. Verkefnið rætt stuttlega.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra grunnskólans. Lýsti jafnframt ánægju sinni með Grænfánavinnuna og metnaðinn sem þar liggur hjá starfsfólki og nemendum.

Fyrirspurn kom fram um umsjónarkennara næsta skólaár. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Mikið hefur verið um að vera í maí í leikskólanum. Rannveig Thoroddsen, verkefnisstjóri Grænfánans kom í heimsókn í leikskólann í síðustu viku og leist vel á vinnuna í leikskólanum og nytjastefnuna sem þar ríkir. Draumurinn er að flagga Grænfánanum á sama degi og grunnskólinn og er beðið svara um það.

Brúðuleiksýning um Pétur og úlfinn var í leikskólanum 2. maí sl. en sýningin hefur verið sýnd í Þjóðleikhúsinu.

Framundan er heimsókn frá Klöru Bragadóttur, sálfræðingi og Ástu Sigurbjörnsdóttur, talmeinafræðingi. Litla lúðrasveitin er einnig væntanleg með spilamennsku. Vorskólinn í samvinnu við grunnskólann verður svo 14.-16. maí nk.

Foreldrafundur fyrir tilvonandi 1. bekk með starfsfólki leik- og grunnskóla verður haldinn 9. maí nk. Þar sem farið verður yfir ýmis atriði sem snerta flutning barna úr leikskóla yfir í grunnskóla. Áætlað er að þetta verði árvisst en samsvarandi fundur var haldinn sl. vor.

21. maí verður útskrift elstu barnanna og þar verður frumflutt lag og texti eftir einn útskriftarhópinn.

Búið er að segja upp fyrir 8 börn frá 1. júní. Sumarlokun verður frá 16. júlí til og með mánudagsins 13. ágúst. Enn er verið að meta inntöku nýrra barna, foreldrar hafa verið að auka vistunartímann og mesti þunginn á inntöku og aðlögun verður því væntanlega eftir sumarfrí.

Flestir starfsmenn eiga 27-30 daga í sumarfrí og einnig eru námskeið framundan hjá starfsfólki sem hafa áhrif á starfið.

Formaður spurði nánar út í skóladagatalið samvinnu milli leikskóla og grunnskóla varðandi starfsdaga, tónlistarskólinn hefur einnig verið með í þessu samráði um starfsdaga. Formaður spurði einnig nánar út í jarðgerðarvinnu í leikskólanum. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra leikskólans.

Fyrirspurn kom fram um hvort að allir starfsdagarnir verði sameiginlegir. Skólastjóri svaraði því til að eingöngu er búið að ákveða einn starfsdag í leikskólanum en eftir er að ákveða hinar dagsetningarnar.

Fyrirspurn kom fram um hvort að það hefði verið skoðað að koma fyrir bát á lóð nýja leikskólans. Skólastjóri svaraði því til að það mál væri í skoðun.

Formaður lagði skóladagatal næsta skólaárs fram til samþykktar og var það samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki foreldraráðs grunnskólans.

2. Skólastefna Stykkishólmsbæjar.

Formaður spurði út í vinnu innan grunnskólans við skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Skólastjóri greindi frá því að verkefnisstjóri hefur verið skipuð Elín B. Kristinsdóttir og er á döfinni að kalla verkefnahópa saman eftir að samræmdum prófum verður lokið. Þá verður áfram unnið í sömu átt og stýrihópurinn vann við í vetur.

Formaður greindi frá því að málið er komið svipað á veg innan tónlistarskólans og mun vinnan því væntanlega fara á fullt á komandi hausti.

Formaður ræddi einnig að skólastefna Stykkishólmsbæjar mun einnig taka til leikskólans þó að vinnan muni að sinni snúa að grunnskólanum og tónlistarskólanum.

3. Önnur mál.

Fyrirspurn kom fram um hvenær niðurstöður samræmdra prófa verða ljósar. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni á þann veg að dagsetningar liggi ekki fyrir.

Fyrirspurn kom fram um aðkomu skólans að nýjum kennurum sem eru ráðnir til skólans. Skólastjóri svaraði því til að að jafnaði fengju nýliðar tilsjónarmenn í upphafi.

Fyrirspurn kom einnig fram um starfsemi foreldrafélagsins í vetur og næsta vetur. Skólastjóri svaraði fyrirspurninni. Rætt var almennt um störf og hlutverk foreldrafélagsins.

Formaður ræddi nemendur í fjarnámi sem nota aðstöðu við grunnskólann í Stykkishólmi og þakkaði um leið fráfarandi ritara, Írisi H. Sigurbjörnsdóttur, fyrir samstarfið á undanförunum árum og óskaði henni velfarnaðar á nýjum vettvangi og bauð jafnframt nýjan ritara, Örnun S. Andrésdóttur, velkomna til starfa.

Fyrirspurn kom fram um fulltrúa foreldrafélags, hvort að þeir eigi fast sæti á kennarafundum. Skólastjóri svaraði því til að fyrirkomulagið hefur breyst talsvert á undanförunum árum.

Fyrirspurn kom fram um mötuneytið við grunnskólann, hvort að sami rekstraraðili muni sjá um það næsta vetur. Skólastjóri svaraði því til að samningurinn renni út núna í vor.

Formaður ræddi einnig frekar skólastefnu Stykkishólmsbæjar, vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar og ýmsar breytingar sem hafa orðið síðustu ár. Ræddi að hlutverkaskipan þurfi að vera á hreinu hjá öllum aðilum.

Fundargerðin upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.28.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.